

## LISTIR

# Gullgerðarlist hin nýja

## MYNDLIST

### Kjarvalsstaðir

#### MÁLVERK

Kristín Gunnlaugsdóttir. Opíð kl. 10-18 alla daga til 15. okt. Sýningar skrá kr. 1450. Aðgangur kr. 300 (gildir á allar sýningar).


FERILL Kristínar Gunnlaugsdóttur er gott dæmi um hvernig óvenjuleg námsbraut getur orðið mun betri undirbúningur fyrir síðari störf en hefðbundnar leiðir. Hún stundaði nám í Myndlistarskólunum á Akureyri og útskrifaðist síðan frá M.H.I. 1988, á tíma þegar málverkið var síður metið en hugmyndalist af ýmsu tagi, og handverkið var minna virði en kenningin. Með þennan bakgrunn hélt hún til Ítalíu og lærði íkonamálun, sem byggir á hefðum sem hafa verið óbreyttar í aldaradur; framhaldsnám í Flór-ens hefur síðan gefið henni tækifæri til að kynna aldagamalli list í návígi, og út frá þessu hefur hún þróað sinn eigin myndheim, sem birtist hér á sýningunni sem aldrei fyrr.

Kristín hélt einkasýningu í Gallerí Nýhöfn 1991, þar sem fram komu myndir byggðar á fornum hefðum, en undirritaður minnst sérstaklega sjálfmyndar hennar á opunarsýningu Listasafns Akureyrar fyrir tveimur árum, sem bar sérstæðri myndsyn glögggt vitni. Íkonasýning hennar á síðasta ári var endanleg staðfesting þess að handbragðið og virðing fyrir hefðum þessarar listgreinar var til staðar, og vísaði með nokkrum hætti til þeirrar myndlistar, sem listakonan hefur nú þróað enn frekar með persónulegum hætti.

Á sýningunni er að finna tuttugu og fimm myndverk, sem ýmist eru sett á vegg, eru í formi standandi helgimynda sem málað er báðum megin á, eða jafnvel tréhnatta, sem hafa nánast óendanlega vídd. Þessi málverk eru máluð með olíulitum eða hinni fornu tækni eggtemperalita, auk þess sem gull er ríkulegur þáttur í flestum þeirra og gerir sitt til að skapa í þeim anda stað- og tímaleysis; þegar Kristín malar á tré verða tengslin við fornar hefðir enn sterkari en ella.

Í ritgerð í sýningarskrá spyr Ólafur Gíslason hvort það sé mögulegt að endurvekja gildi gamallar listar í nútímanum, og vísar þá til vinnubragða listakonunnar og þeirra hefða sem hún byggir á. Þar skiptir dulúðin miklu, sem hún gerði einnig í hinni endalaus leið aldanna að viskusteininum, sem átti að umbreyta óæðra efni í gull; gullgerðarlistin var þannig ímynd allrar þeirrar sköpunar sem einnig kemur saman í myndlistinni.

Sé litið til verka Kristínar á sýningunni er svarið við spurningunni ótvírátt jákvætt. Hver mynd er sérstakur heimur, sem bæði vísar til fyrri tíðar og snertir okkur í samtímanum. Stærstu verkin - tvær Maríumyndir (nr. 20 og 21) og „Bláir englar“ (nr. 22) vísa til hinnar tímlausu túlkunar á þessum myndefnum sem



Morgunblaðið/Porkell

KRISTÍN Gunnlaugsdóttir: „Sólin“.

má rekja aftur til miðalda, en í öðrum myndum hefur sama vinnuáferð verið notuð til að skapa veröld framandi dulúðar, sem þó hefur ætíð mannlega skírskotun á bak við. Þannig er tilvísunin í „Heyrnarlaus“ (nr. 6) afar skýr, þó andlit- ið beri ljúflega þau örlog, sem á persónuna eru lögð; spurningin í „Græn mynd með stiga“ (nr. 7) er hin eilífa gáta um hvert liggur leið, og fylgidýrin í „Par í rauðu“ (nr. 25) vísa til klassískra tákngilda sem geta auðveldlega fengið nýja merkingu.

Þær mannverur sem fylla fleti Kristínar eru dregnar mjúkum línunum, og minna í finleik sínum á myndgerð fimmátíunda aldar, t.d. í verkum Hieronymus Bosch. En þrátt fyrir myktina er þetta ekki kynlaust fólk fremur en í myndum Bosch; þar er fólk lítið þjátt misunnarlaus fyrir erfðasyndina, en hér eru staða kynjanna nokkuð önnur, hvort sem litið er til verka eins og „Sólin“ (nr. 5), „Fljúgandi menn“ (nr. 3) eða „Avaxtaskálin“ (nr. 19), þar sem freistingin í aldingaröðnum er óneitanlega sett upp á nokkuð annan hátt en venjulegast er.

Mismunandi stærðir verkanna, lögur, sem og frágangur þeirra - allt frá því að vera í tví- og þrískiptum gylltum römmum helgigripa til þess að vera órammaðar - skapa sýningunni mikla fjölbreytni, sem þó er ætíð byggð á einhverri fjarræni dulúð, sem er undirtönn allra verkanna. Ólafur túlkar þetta svo í inngangi sínum:

„Í myndlist Kristínar má finna sterka löngun til afturhvarfs til þess tíma, þegar merking hlutanna var skýr út frá godsögulegri eða trúarlegri reynslu og orðin og myndirnar höfðu ótví- ræða merkingu. Slík reynsla hefur um leið átt ærfilegri upprættar í samtíma okkar, þar sem vísindahyggjan og markaðslögmálin hafa sundrað heimsmynd okkar og leyst upp tungumálið, þannig að ekki er lengur mögulegt að draga upp heildstæða mynd af mannum í sögunni og rýminu.“ Það er mikið til í þessum orðum, en í ljósi myndanna má ef til vill ekki síður tala um að rudd sé ný braut en að horfið sé aftur til fyrri tíma; þannig hefur góð myndlist til að bera ögrun, sem getur skapað frjóar umræður langt út fyrir beinar skýringar á viðfangsefninu.

Þessi sýning nýtur miðrýmisins á Kjarvalsstaðum með þeim hætti, sem fær aðrar hafa gert í langan tíma. Oft hefur því verið haldið fram, að myndlistin nái best til áhorfenda þegar sýningarplássid er sem næst hlutlaust, og dregur ekki athyglina frá því sem verið er að sýna; dæmi um velheppnaða sýningu í þessum anda var sýning á hljóðverkum Finnþoga Péturssonar á sama stað fyrir nokkrum misserum. Hér hafa veggir, stallar og skilrúm hins vegar verið löguð að verkum. Kristínar og máluð í rauðum og svörtum litum, sem umlykja sýninguna og eiga mikinn þátt í að skapa henni þá nánd og hlýju, sem hér ræður ríkjum í heildarsýningunni.

Sýningarskráin er að sama skapi vönduð í alla staði og fylgir þessari tilfinningu eftir. Þegar hefur verið minnst á fróðlegan inngang Ólafs Gíslasonar, þar sem höfundurinn veitir vöngum með skemmtilegum hætti yfir þeim tengslum sem finna má í verkum Kristínar við frumspeki býsanskra myndhefða, tónlist og gullgerðarlist miðalda. Sú niðurstaða að setja ljósmyndir verkanna almennt á svartan bakgrunn fremur en hvítan er einnig vel til fundin og dregur fram dýpt og innileik, sem ella hefði ekki notið sín að sama skapi. Þessi eigulega skrá er þannig verðugur vitnisburður um mjög sérstaka sýningu.

Hér getur að líta einkar persónulega myndsyn listakona, sem að líkindum á eftir að halda áfram að vekja eftirtekt og láta að sér kveða í íslenskri myndlist. Því ættu listunnendur alls ekki að láta sýninguna fram hjá sér fara; um leið er rétt að hvetja allan almenning til að líta inn og skoða vel þessi málverk, sem gera hvort tveggja í senn, að endurnýja kynni okkar við fornar hefðir miðilsins og sækja fram á nýjar lendur dulúðar og persónulegrar tjáningar.

Hin nýja gullgerðarlist er ekki síðri hinni eldri.

Eiríkur Þorláksson

## Chopin-keppni í Varsjá

Varsjá. Reuter.

MIKIL tónlistarkeppni til heiðurs pólska tónskáldinu Frederic Chopin hófst í gær í Varsjá. Flykkjast ungir og efnilegir píanóleikarar til borgarinnar þar sem þeir munu leika verk tónskáldsins í von um að vekja athygli og öðlast frægð og viðurkenningu. Um 140 píanóleikarar taka þátt í henni og 25 dómara meta hvernig til tekst.

Keppnin, sem fyrst var haldin árið 1927 þykir afar erfið og miklar kröfur gerðar til keppenda. Árið 1990 lýstu dómara keppninnar því t.d. yfir að enginn píanóleikaranna ætti skilið að hljóta fyrstu verðlaun þar sem engum keppanda hefði tekist að fanga anda tónlistar Chopins.

Næstu þrjár vikur munu keppendur leika með Fílharmoníu Varsjárborgar og eru miðar á tónleikana uppseldir, þrátt fyrir hátt verð á pólskan mælikvarða.

257 píanóleikarar sóttu um að taka þátt í keppninni en aðeins 140 manns hlutu náð fyrir augum dómnefndarinnar. Flestir eru frá Pólandi og Japan, þar sem tónlist Chopins er í hávegum höfð.

„Tónlist Chopins er finlegasta og besta lýsingin á sál Póllands og sál pólsku þjóðarinnar. Hún hefur fylgt okkur á erfiðustu og gleðilegustu stundunum sem við höfum átt sameiginlegar,“ sagði Josef Oleksy, forsætisráðherra, við setninguna.

## Pavarotti neitar fréttum um skilnað

ÍTALSKI tenórinn Luciano Pavarotti bar í gær til baka sögusagnir um að erfiðleikar væru í hjónabandi hans og eiginkonunnar til 34 ára, Adua. Söngvarinn, sem er staddur í Varsjá, þar sem hann hyggst halda tónleika í kvöld, sagðist dýrka, elska og dá konur en sagði jafnframt að hann skildi þær ekki.

## Sigurveggarar Tónvaka RUV

# Hefur margvíslega þýðingu

SIGURVEGARAR í Tónvaka Ríkisútvarpsins eru tveir að þessu sinni, Júlíanna Rún Indriðadóttir píanóleikari og Ármann Helgason klarinettuleikari. Þetta var í fjórða sinn sem keppnin er haldin en áður hafa Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Bryndís Halla Gylfadóttir og Guðrún María Finnbogadóttir unnið hana. Sigurvegurinum verður afhent verðlaun á sérstökum Tónvakatónleikum í Háskólabíó 26. október þar sem Ármann og Júlíanna Rún leika einleik með Sinfónihljómsveit Íslands. Þessir tónleikar eru hluti af margháttaðum verðlaunum sigurvegaranna en auk þeirra hljóta þau ákveðna fjárupphæð og upptökurétt hjá Ríkisútvarpinu.

### Góð viðurkenning

Júlíanna Rún lauk einleikaraprófi hér heima áður en hún fór



Ármann Helgason



Júlíanna Rún Indriðadóttir

til Berlínar í framhaldsnám. Í viðtali við blaðamann sagði hún að sigurinn í keppninni hefði margvíslega þýðingu fyrir sig. „Þetta er góð viðurkenning og ætti að geta hjálpað manni til að koma sér á framfæri. Þetta er góð auglýsing. Það er einnig mjög mikilvægt að vinna upptökutíma hjá Ríkisútvarpinu því það er hugsanlegt að maður geti gefið þær upptökur út.“ Júlíanna Rún sagðist


vera að undirbúa sig fyrir Tónvakatónleikana í október en að öðru leyti er framtíðin nokkuð óráðin.

### Mörg tækifæri

Ármann Helgason lauk einleikaraprófi á klarinett árið 1988 frá Tónlistarskólunum í Reykjavík. Hann fór svo í framhaldsnám til Royal College of Music í Manchester. Síðan var hann í þrjú ár í einkanámi hjá John McCaw í London en einnig sótti hann tíma í París.

Ármann segir að sigurinn í keppninni veiti sér mörg tækifæri til að koma sér á framfæri og auglýsa. „Ég kem fram með Sinfóniunni í október og get hugsanlega gefið út upptökurnar sem ég get gert hjá Ríkisútvarpinu. Svo finnst mér þessi keppni vera mjög góður stuðningur við íslenska tónlist almennt þar sem hver keppandi þarf að hafa þriðjung efnisskrár sinnar af íslenskum toga sem þýðir að íslenskir tónlistarmenn kynna sér íslenska tónlist til flutnings.“

Ármann hefur undanfarið verið að taka upp Mozart-klarinettkvintettinn með hópi sem heitir Camer Arctica, einnig eru ýmsir kammertónleikar á dagskrá hjá honum á næstunni ásamt tónleikum á Listahátíð næsta sumar.



Reuter